



Reikningsskil og endurskoðun

M.Acc. nám

hi.is/reikningsskil_og_endurskodun

Um námið

Markmiðið með náminu er að auka þekkingu og færni nemenda á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Námið hentar mjög vel þeim einstaklingum sem hafa hug á því að vinna við fjármál, innra eftirlit, innri endurskoðun, reikningshald, reikningsskil og/eða ytri endurskoðun í fyrirtækjum eða stofnunum þar sem sérþekking á sviði reikningsskila og endurskoðunar er skilyrði fyrir starfi.

Skipulag námsins


Hægt er að velja um að taka meistaranám í reikningsskilum og endurskoðun sem 90 eininga eða 120 eininga nám en báðar námslínur eru skipulagðar sem fjögurra missera nám. Nemendur á báðum námslínunum þ.e. 90 og 120 eininga náminu taka sömu 15 skyldunámskeiðin. Nemendur sem skráðir eru í 120 eininga námið geta valið um að taka 2 valnámskeið og skrifa 18 eininga meistararitgerð eða skrifa 30 eininga meistararitgerð.

Að námi loknu

Meistaránámi í reikningsskilum og endurskoðun lýkur með prófgráðunni Master of Accounting and Auditing (M.Acc.). Uppbygging námsins miðar að því að búa nemendur undir að sinna krefjandi og flóknum störfum á sviði reikningsskila og endurskoðunar en krafan um slíka menntun hefur aukist mikið hjá fyrirtækjum sem m.a. hafa skráð hlutabréf og/eða skuldabréf á verðbréfamarkaði. Auk þeirra möguleika sem nefndir eru hér til hliðar má nefna störf við áhættustýringu, áætlanagerð, fjárhagsdeild o.fl.

Ráðstefnur tengdar meistaranáminu

Á hverju ári í lok nóvember er haldinn MAcc dagurinn með tilheyrandi ráðstefnu. Þetta hefur verið gert frá árinu 2009. Ráðstefnurnar hafa verið vel sóttar og þar eru framúrskarandi nemendur verðlaunaðir.



Inntökuskilyrði

Forkröfur í námið eru BS próf í viðskiptafræði með tiltekinni áherslu á reikningshald, skattskil, lögfræði og fjármál. Þeir sem hafa BS próf í viðskiptafræði án slíkrar sérhæfingar eða annað sambærilegt háskólapróf, svo sem hagfræði, geta sótt undirbúningsnámskeið á BS stigi til að uppfylla þessar forkröfur. Undirbúningsnámskeið eru: Fjármál I, Fjármál II, Fjármálagerningar, Lögfræði A, Inngangur að fjárhagsbókhaldi, Reikningsskil, Rekstrarbókhald, Einstaklingskattaréttur, Ársreikningagerð A og Ársreikningagerð B. Almenna reglan er að umsækjendur hafi fyrstu einkunn (7,25) til að fá inngöngu.

Forsenda fyrir uppbyggingu og forkröfum

Uppbygging á meistaranáminu fer eftir reglugerð frá Evrópusambandinu nr. L157/87, *Directive 2006/43/EC of The European Parliament and of The Council of May 2006 on statutory audit of annual accounts and consolidated accounts, amending Council Directives 78/660/EEC and 83/349/EEC and repealing Council Directive 84/253/EEC.*

Í grein nr. 8 (Article 8) eru talin upp þau þekkingaratriði (Test of theoretical knowledge) sem taka þarf tillit til þegar að löggildingarprófi í endurskoðun kemur. Ofangreind þekkingaratriði ná yfir kennslu frá BS námi í viðskiptafræðum með áherslu á reikningshald til loka meistaranáms í reikningsskilum og endurskoðun. Ekki er hægt að veita undanþágu frá þessum þekkingarskilyrðum, m.a. vegna þess að nemendur sem útskrifast með M.Acc. gráðu öðlast rétt til þess að verða nemar á endurskoðunarskrifstofum.

Meiri upplýsingar má nálgast á vefsíðu námsbrautarinnar, hi.is/reikningsskil_og_endurskodun

Lotunám

Meistaránám við Viðskiptafræðideild er kennt í lotum. Þannig er hvoru misseri skipt upp í tvær lotur og nemendur taka að jafnaði tvö námskeið í hvorri lotu (eða skila sambærilegri vinnu við lokaritgerð). Hver lota samanstendur af sjö kennsluvikum og einni viku fyrir námsmat og próf. Kennt er að jafnaði frá kl. 16:30-20:00.

Löggilding í endurskoðun

Meistaránámið í reikningsskilum og endurskoðun (bæði 90 e. og 120 e. námsbrautirnar) ásamt tilskilinni starfsreynslu, veitir rétt til þess að þreyta próf til löggildingar í endurskoðun en það próf er í umsjón Endurskoðendaráðs.

Lánshæft nám

Samkvæmt reglum LÍN er 90 e. námslínan ekki lánshæft til framfærslu, meðan 120 e. námslínan er lánshæft nám.

Viðskiptafræðideild

Gimli
við Sæmundargötu
101 Reykjavík
Sími 525 4500
nemFVS@hi.is
hi.is/vidskiptafraedideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD